

14. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 09. 06 2015, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Lýsing vegna skipulagsáforma- Geldingafell
3. Ósk um umsögn vegna útgáfu rekstrarleyfis til Óbyggðaseturs
4. Deiliskipulag frístundabyggð Víðivöllum ytri 1, ósk um breytingu
5. Drög að samþykkt um fráveitumál fyrir sveitarfélög á starfssvæði SSA
6. Samningur um sjúkraflutninga á Djúpavogi, til kynningar
7. Drög að Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019
8. Ósk um umsögn vegna skipulagstillagna, Fljótsdalshérað tölvupóstur 01.06
9. Ósk um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Kelduá
10. Skógarorka
 - a) Fundargerð stjórnar Skógarorku 01.06
 - b) Ársreikningar Skógarorku 2012-2013-2014 og önnur mál er varða kyndistöðina.
11. Bréf
 - a) Umhverfisstofnun dags. 20.05
 - b) Afrit af bréfi HH dags. 25.05
 - c) Varasjóður húsnæðismála dags. 21.05
 - d) Jóhanna Birna Sigbjörnsdóttir og Þórhallur Þorsteinsson dags. 01.06
 - e) Búnaðarsamband Austurlands 02.06
12. Fjarbeiðnir
 - a) Áfallateymi Austurlands
 - b) Æskulýðsdeild Hestamannafélagsins Freyfa
13. Fundargerðir
 - a) Samgöngunefnd SSA 26.05
 - b) Aðalfundargerð Minjasafns Austurlands 30.04, ásamt ársreikningi 2014
 - c) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 28.05
 - d) Starfshópur um málefni Hallormsstaðaskóla 03.06

14. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Oddviti og Lárus sátu fund sem forsætisráðuneytið boðað til á Egilsstöðum 20. maí, um málefni þjóðlenda. Á fundinum var m.a. fjallað um með hvaða hætti þjóðlendu eru skráðar í fasteignaskrá þjóðskrár. Landspildublöð er ráðuneytið leggur fram til skráningar, byggja á Örnefnaskrá Landmælinga. Fulltrúar Fljótsdalshrepps (Gunnþórunn, Lárus og Skarphéðinn Smári, starfsmaður Mannvits) tóku upp mál er varðar misræmi þjóðlendulína við jarðamarkagrunn sem Mannvit vann fyrir sveitarfélagið og lögðu áherslu á að ef ekki væru notaðar bestu fáanlegar upplýsingar um mörk þjóðlendna og eignarlanda, væri verið að vísa deilumálum inn í framtíðina og mikil óvissa væri um hve rétt Örnefnaskrá Landmælinga væri. Forsætisráðuneytið hefur ekki fallist á að leiðrétta þjóðlendulínur í Fljótsdal til samræmis við jarðamarkagrunninn. Fram kom á fundinum að hægt gengur að stofna þjóðlendu í Fasteignaskrá þjóðskrár, en beiðnir um stofnun 40 þjóðlenda af 88 hafa verið sendar til viðkomandi sveitarfélaga.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að 1. Júní 2015 taka gildi ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, er lúta að hlutverki sveitarstjórna við að taka ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda í C-flokki í 1. viðauka laganna. Skipulagsstofnun vinnur að gerð leiðbeininga sem nýtast eiga skipulagsfulltrúum og sveitarstjórnnum til að takast á við þetta nýja hlutverk.

Samband íslenskra sveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög til að standa sameiginlega með skógræktarfélagum landsins að gróðursetningu trjáplanta laugardaginn 27. Júní n.k. til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur, í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því hún var kjörin í embætti forseta Íslands.

Umhverfisstofnun vekur athygli á lögum og reglugerðum er varða skilti utan þéttbýlis.

Samgöngunefnd SSA hvetur sveitarfélögin til að hefjast handa við grunnvinnu vegna ljósleiðaravæðingu, þannig að niðurstaða hennar liggi tímanlega fyrir aðalfund SSA, eða eigi síðar en 15. september. Í Fljótsdalshreppi hefur þegar verið lagður ljósleiðari um sveitina.

Lögfræði- og velferðarsvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur unnið ábendingar til sveitarfélaga um fasteignaskatt o.fl. á mannvirki tengd ferðapjónustu. Sveitarfélögum er bent á að þau gæti þess að álagning fasteignaskatt taki mið af nýtingu húsnæðis.

Oddviti og Lárus sátu fund á Egilsstöðum 5. maí, þar sem kynnt var viðskiptaáætlun og markaðsúttekt fyrir afurðamiðstöð skógarafurða.

Aðilar er koma að skemmtiferðaskipakomum til Seyðisfjarðar boðuðu til fundar á Egilsstöðum 27. maí. Oddviti sat fundinn. Reiknað er með um 17 þús manns komi til Seyðisfjarðar og skemmtiferðaskipakomur verði um 30 í sumar.

Samkvæmt endurmati þjóðskrár Íslands fyrir árið 2016, hækkar fasteignamat í Fljótsdalshreppi um 2,09 %.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga ásamt Umhverfisstofnun vinna að söfnun upplýsinga um meðhöndlun lífræns úrgangs. HAUST hefur tekið saman upplýsingar fyrir sveitarfélög á starfssvæðinu.

ÚÍA sendir sveitarfélögum til upplýsinga, þinggerð ásamt fjárhagsáætlun og skýrslu stjórnar frá Sambandsþingi ÚÍA, sem fram fór á Hallormsstað 11. apríl sl. Stjórn færir jafnframt Fljótsdalshreppi bestu þakkir fyrir stuðning og aðstoð við framkvæmd þingsins.

Fjallað hefur verið um í fjölmiðlum að Fljótsdalshreppur er kolefnishlutlaus og vísað til skýrslu Lárusar Heiðarssonar skógræðings, frá 2009.

HAUST hefur tekið út starfsemi mótuneytis Grunnskólans á Hallormsstað og skilað eftirlitsskýrslu þ.a.l., einnig fyrir sparkvöll og leik- og skólalóð. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um að leggja niður grunn- og leikskólstarfsemi á Hallormsstað, en um hefðbundið eftirlit var að ræða.

Af framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á árinu er það helsta að framkvæmdir standa yfir við að leggja vatn úr borholu neðan Hjarðabóls að wc aðstöðu við Hengifossá og leggja neyslurafmagn á svæðið. Unnið er að endurbótum á afleggjara að Óbyggðasetri /Egilsstöðum 2 og gerð bílaplans. Lagfæring á sturtuástöðu í Végarði (flísalögn) stendur yfir.

Fljótsdalshreppi hefur borist ársskýrsla HAUST, skýrsla LV um útbreiðslu og ástand seiða í Jökulsá á Dal og hliðarám hennar 2014 og samantekt frá landsfundi Æskulýðsvettvangs sem haldinn var á Egilsstöðum í febrúar 2015.

2. **Lýsing vegna skipulagsáforma- Geldingafell.** Ósk frá Þjóðgarðsverði austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, um að tillaga að deiliskipulagi verði tekin til formlegrar meðferðar hjá Fljótsdalshreppi. Lýsing vegna skipulagsáforma dags 26.05 fylgir með beiðninni. Samþykkt að verða við þeirri ósk, en gengið er út frá að kostnaður vegna vinnunnar greiðist af Vatnajökulsþjóðgarði.
3. **Ósk um umsögn vegna útgáfu rekstrarleyfis til Óbyggðaseturs.** Oddvita falið að ganga frá umsögn til sýslumanns, þegar umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir.
4. **Deiliskipulag frístundabyggð Víðivöllum ytri 1, ósk um breytingu.** Óskað er eftir að þrjá litlar lóðir verði sameinaðar í eina. Oddvita falið að kanna hvaða skipulagsmeðferð beiðnin felur í sér.
5. **Drög að samþykkt um fráveitumál fyrir sveitarfélög á starfssvæði SSA.** Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög fyrir hönd Fljótsdalshrepps. Samþykktin verður tekin aftur til umræðu á næsta fundi.
6. **Samningur um sjúkraflutninga á Djúpavogi .** Kynntur.
7. **Drög að Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019.** Kynnt. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir eða umsögn við fyrirbyggjandi drög.
8. **Ósk um umsögn vegna skipulagstillagna,** Fljótsdalshérað tölvupóstur 01.06. Engar athugasemdir gerðar af hálfu Fljótsdalshrepps.
9. **Ósk um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Kelduá.** Samþykkt að gefið verði út framkvæmdaleyfi til Jóns Ólafs Sigurðssonar, Víðivöllum ytri II, fyrir allt að 5.000 m³ í námu E7 í árfarvegi Kelduár. Jákvæð umsögn Fiskistofu liggur fyrir, en í henni er ranglega sagt að ekki sé starfandi veiðifélag um ána. Mikilvægt er að efnistakan fari fram á eyri sem myndast hefur fan við Kelduárbrú og hjálpi þannig til við að halda ánni í farvegi undir brúna.
10. **Skógarorka.** Ársreikningar árána 2012-14 kynntir ásamt fundargerð dags. 01.06. Rætt var um horfur og framtíð félagsins.
11. **Bréf.**
 - a) Umhverfisstofnun dags. 20.05. Varðar samning Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014-16. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á samningnum.
 - b) Afrit af bréfi HH dags. 25.05. Varðar Fljótsdælu. Ekki er gert ráð fyrir að bókin verði tilbúin til umbrots, fyrr en í haust.
 - c) Varasjóður húsnaðismála dags. 21.05. Kynnt.
 - d) Jóhanna Birna Sigbjörnsdóttir og Þórhallur Þorsteinsson dags. 01.06. Ósk um að sveitarstjórn beiti sér fyrir að símasamband verði bætt í Norðurdal og einnig benda þau á nauðsyn þess að laga gatnamót við Fljótsdalsstöð. GSM samband í Fljótsdal er víða slæmt og sveitarstjórn mun gera það sem í hennar valdi stendur til þess að úr verði bætt, einnig óska eftir við Vegagerð að hönnuð verði ný vegtenging á mótum Norðurdalsvegar og Fljótsdalsstöðvar.

- e) Búnaðarsamband Austurlands 02.06. Tillaga frá aðalfundi þar sem skorað er á sveitarfélög að styrkja bændur árlega vegna bólusetninga við garnaveiki. Sveitarstjórn felur oddvita að kanna með hvaða hætti þetta er gert á starfssvæði BSA.

12. Fjárbeiðnir

- a) Áfallateymi Austurlands. Samþykktur styrkur kr. 25.000-
- b) Æskulýðsdeild Hestamannafélagsins Freyfaða. Samþykktur styrkur kr. 50.000- sem er skv. fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrir árið 2015.

13. Fundargerðir

- a) Samgöngunefnd SSA 26.05. Kynnt.
- b) Aðalfundargerð Minjasafns Austurlands 30.04, ásamt ársreikningi 2014. Kynnt.
- c) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 28.05. Kynnt.
- d) Starfshópur um málefni Hallormsstaðaskóla 03.06. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir fyrir sitt leyti tillögu starfshópsins um að auglýsa húsnæði Hallormsstaðaskóla til sölu. Drög að auglýsingu verði kynnt sveitarstjórn áður en hún verður birt.

14. Önnur mál.

- a) Skv bréfi Vegagerðar frá 03.06 er Fljótsdalshreppi úthlutað kr. 1.200 þús úr styrkvegaskjóði fyrir árið 2015.
- b) Samþykkt að unglingavinna verði í boði í fjórar til fimm vikur á komandi sumri. Oddvita falið að ráða verkstjóra og stefnt er að því að vinnan hefjist í næstu viku.
- c) Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands um sameiginlegt átak skógræktarfélaganna og sveitarfélaganna um að standa saman að gróðurstetningu 27. Júní í tilefni þess að 35 ár eru síðan Vigdís Finnbogadóttir var kosin forseti Íslands. Fljótsdalshreppur fagnar átakinu og er tilbúinn til þess að taka þátt í verkefninu, verði eftir því leitað.
- d) Lárus mun sjá um að afleysingu fyrir oddvita 29. Júní til til og með 5. Júlí.
- e) Vegna sumarleyfis oddvita samþykkir sveitarstjórn að júlí fundur sveitarstjórnar verði haldinn þriðjudag 7. Júlí í stað hefðbundins fundardags, sem er fyrsti þriðjudagur í júlí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfadóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)